

83. stjórnarfundur Bergrisans bs.

24.3.2025

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir og Eggert Valur Guðmundsson. Elliði Vignisson var fjarverandi.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð Þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 188. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk

Til að mæta húsnæðisþörfum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans bs. hefur verið þróuð áfangaskipt uppbbyggingaráætlun húsnæðis sem nær yfir tíu ára tímabil frá 2025 til og með 2034. Áætlunin byggir meðal annars á greiningu á núverandi biðlista og íbúapróun á svæðinu og var unnin í samvinnu við helstu haghafa.

Heildarfjöldi íbúða í öllum áföngum er áætlaður 42, þar af 30 með sólarhringsþjónustu og 12 með stuðningi.

Þjónusturáð hefur samþykkt drögin fyrir sitt leyti og vísað þeim áfram til stjórnar. Góðar umræður mynduðust hjá stjórn um drögin og vísar stjórn málinu til fullnaðarúrvinnslu hjá starfsfólki fyrir næsta fund.

1.b. Stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks - heilðræn stefna

Lagt er til að fara af stað með vinnu við heilðræna stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks á starfssvæði Bergrisans. Lagt er til að unnin verði stefna og innleiðingaráætlun á árinu 2025 og að framkvæmd stefnu hefjist í upphafi árs 2026. Þátttakendur í verkefninu verða haghafar frá hverju þjónustusvæði, lykilstarfsmenn í málaflokknum ásamt kjörnum fulltrúum.

Stjórn Bergrisans samþykkir að hefja þessa vinnu og felur verkefnastjóra að útfæra erindisbréf og óska eftir tilnefningum frá þjónustusvæðunum.

1.c. Beiðni um notendasamning - 100376

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu leggur fram beiðni um notendasamning fyrir einstakling með auðkennisnúmer 100376. Um er að ræða þjónustu á biðtíma.

Heildarkostnaður fyrir Bergrisann vegna samningsins eru 18.875.664 kr. á ári.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.d. Beiðni um framlengingu á stoðþjónustu vegna barns með auðkenni 101767

Sótt er um að framlengja samning við Ylfu ehf. sem sinnir umfangsmiklum stuðningi við barn á heimili. Heildarkostnaður við þjónustuna er 1.412.000 kr. á mánuði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.e. Beiðni um framlengingu á stoðþjónustu vegna barns með auðkenni 101612

Sótt er um að framlengja samning við Ylfu ehf. sem sinnir umfangsmiklum stuðningi við barn á heimili þar til að heildstæð búseta barn getur hafist. Heildarkostnaður við þjónustuna er 1.412.000 kr. á mánuði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.f. Beiðni um búsetuþjónustu vegna barns með auðkenni 101612

Lagt er til að gerður verði samningur um heildræna búsetuþjónustu frá 01.04.2025 (eða síðar, eftir því hvenær búseta hefst) og út árið 2025. Heildarkostnaður vegna þjónustunnar á þeim tíma eru 117.387.297 kr., þar af ber Bergisinn kostnað að upphæð 114.100.857 kr. Áætlað er að megnið af kostnaði Bergisans fái endurgreiddur frá Jöfnunarsjóði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Skaftholt

Farið var yfir stöðu mála vegna Skaftholts.

3. Sólheimar

Rætt var um málefni Sólheima.

4. Þjónusta við börn með fjölþættan vanda

Farið yfir nýundirritað samkomulag um þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

5. Önnur mál

Skrifstofustjóri ræddi vinnu við ársreikning. Verið er að klára síðustu uppgjörin og skoðun á þeim og í framhaldinu verður reikningurinn endurskoðaður. Drög að ársreikningi verða send út eins fljótt og verða má.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 14:04.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 04.04.2025
Tími: 11:36:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 00248345-f9c8-45fd-b253-bd185b975a21

Sandra Sigurðardóttir



Undirritað af:
Sandra Sigurðardóttir
0602834949
Dags: 11.04.2025
Tími: 08:50:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 00248345-f9c8-45fd-b253-bd185b975a21

Bragi Bjarnason



Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 11.04.2025
Tími: 08:36:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 00248345-f9c8-45fd-b253-bd185b975a21

Eggert Valur Guðmundsson



Undirritað af:
Eggert Valur
Guðmundsson
1508633179
Dags: 05.04.2025
Tími: 13:12:30
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 00248345-f9c8-45fd-b253-bd185b975a21